

STJÓRN STRÆTÓ BS.

230. fundur. Föstudaginn 13. nóvember 2015 var haldinn fundur í stjórn Strætó bs. í Pönglabakka 4 og hófst hann kl. 11:00.

Mætt voru: Bryndís Haraldsdóttir, Gunnar Valur Gíslason, Sigrún Edda Jónsdóttir, Theódóra S. Þorsteinsdóttir, Einar Birkir Einarsson og Kristín Soffía Jónsdóttir sem fór af fundi kl. 12:45. Fundinn sátu einnig Jóhannes S. Rúnarsson, framkvæmdastjóri og Ástríður Þórðardóttir, sviðsstjóri fjármálasviðs, sem ritaði fundargerð.

Tekið fyrir:

1. Fjárhags- og starfsáætlun Strætó 2016-2020
Áframhaldandi umræða um fjárhags- og starfsáætlun Strætó 2016-2020. Með hliðsjón af niðurstöðum greiningarvinnu Framsækni ehf. á rekstri byggðasamlagsins hafa stjórn og stjórnendur Strætó farið í gegnum fyrirbyggjandi drög að fjárhags- og starfsáætlun með það að markmiði að draga úr rekstrarkostnaði og þar með einnig úr aukinni fjárþörf byggðasamlagsins. Fjárhagsáætlun byggir að öðru leyti á verðlagsforsendum sem samþykktar voru á stjórnarfundum 28. ágúst sl.
Stjórn samþykkir framlagaða fjárhags- og starfsáætlun Strætó 2016-2020.
2. Árshlutauppgjör pr. 30.09.2015
Fyrir fundinum lá árshlutauppgjör Strætó pr. 30. september 2015. Ástríður Þórðardóttir, fjármálastjóri, kynnti helstu niðurstöður uppgjörins. Uppgjörið er hvorki kannað né endurskoðað af endurskoðendum félagsins.
Stjórn og framkvæmdastjóri staðfestu árshlutauppgjörið með undirritun sinni.
3. Innri endurskoðun Strætó
Áframhaldandi umræður um niðurstöður verðkönnunar í október 2015. Alls buðu fjögur endurskoðunarfyrtæki fram þjónustu sína við innri endurskoðun byggðasamlagsins auk þess sem fyrir lágu upplýsingar frá Innri endurskoðun Reykjavíkurborgar um einingaverð og áætlað umfang ef IER tæki verkefnið að sér.
Með vísan til fyrirbyggjandi gagna samþykkir stjórn að fela stjórnarformanni að ganga til samninga við Deloitte ehf. um innri endurskoðun Strætó á grundvelli tilboðs félagsins, annars vegar úttekt á innra eftirliti og gerð innri endurskoðunaráætlunar og hins vegar um innri endurskoðun félagsins til næstu þriggja ára.

Fleira var ekki tekið fyrir.

Fundi slitið kl. 13:00

Bryndís Haraldsdóttir
Gunnar Valur Gíslason
Sigrún Edda Jónsdóttir

Kristín Soffía Jónsdóttir
Einar Birkir Einarsson
Theódóra S. Þorsteinsdóttir